

9. mars 2009  
SÍ 49485

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 20. febrúar 2009 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðilsmála, 178. mál, tenging krónunnar við aðra mynt.

Efni tillögunnar er það að Alþingi álykti „að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á því að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, t.d. norsku krónuna í samráði og samstarfi við norsk stjórnvöld. Reynist þess ekki kostur verði kannaðir möguleikar á að taka upp evru sem gjaldmiðil, með eða án samráðs við Evrópusambandið.”

Seðlabankinn telur að þær hugmyndir um tilhögun peningamála sem rætt er um í nefndri þingsályktunartillögu eigi að skoða í samhengi heildarendurskoðunar á peningamálum þjóðarinnar, sem eðlilegt er að fari fram í kjölfar reynslu undanfarinna ára. Ástæða er þó til að minna á að núverandi tilhögun peningamála var tekin upp í kjölfar þess að einhliða fastgengisstefna af því tagi sem m.a. virðist nefnd sem möguleiki í þingsályktunartillögunni hafði beðið skipbrot árið 2001. Litlar líkur eru á því að fastgengisstefna yrði árangursríkari í framtíðinni, jafnvel þótt hún yrði með yfirlýstum stuðningi útgefanda þess gjaldmiðils sem gengi krónunnar yrði fest við. Þessar og aðrar hugmyndir er þó sjálfsagt að skoða í víðara samhengi heildarendurskoðunar á umgjörð peningastefnunnar eins og áður segir.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygaard  
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri